Reykjavíkurborg

Reykjavík, 28. nóvember 2023
MSS22100205

Borgarráð

Lágmúli 2, aðilaskipti að lóðarvilyrði

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að ÞR Lágmúli 2 ehf., kt. 451121-0730, taki við réttindum og skyldum Regins hf., kt. 630109-1080, samkvæmt lóðarvilyrði vegna lóðarinnar Lágmúli 2, dags. 7. júní 2021. Aðilaskiptin verði samþykkt gegn því að nýr aðili, ÞR Lágmúli 2 ehf., undirriti viðauka við fyrrgreint lóðarvilyrði Reykjavíkurborgar og Regins hf. þar sem ÞR Lágmúli 2 ehf. skuldbindur sig til að taka við öllum réttindum og skyldum Regins hf. samkvæmt ákvæðum lóðarvilyrðisins.

Greinargerð:
Þann 7. júlí 2021 gerðu Reykjavíkurborg og Reginn hf. með sér lóðarvilyrði vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðinni Lágmúli 2. Óskað er eftir að borgarráð samþykki að ÞR Lágmúli 2 ehf., sem er dótturfélag Klasa ehf., taki við réttindum og skyldum samkvæmt lóðarvilyrðinu, dags. 7. júní 2021. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara mun hafa umsjón með gerð viðauka við lóðarvilyrðið sem tilgreinir aðilaskiptin.

Ívar Örn Ívarsson
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt:
1. Lóðarvilyrði vegna Lágmúla 2, dags. 7. júní 2021.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar eignasjóðs, kt. 570480-0149, Ráðhúsi Reykjavíkur, 101 Reykjavík („Reykjavíkurborg") veitir Reginn hf., kt. 630109-1080, („Reginn") eftirfarandi:

-LÓÐARVILYRÐI-

1. Lóðin.

   1.1. Um er að ræða vilyrði fyrir úthlutun lóðarinnar Lágmúli 2 ásamt byggingarrétti, með fyrirvara um samþykki nýs deiliskipulags sem afmarki ný lóðarmörk með byggingarrétti fyrir uppbyggingu á umhverfisvænu húsnæði. Gert er ráð fyrir að á lóðinni verði verslunar- og skrifstofuhúsnæði auk deili-íbúða með sameiginlegum svæðum.

   1.2. Afmörkun nýrrar lóðar má finna í fylgiskjali I en hún er til viðmiðunar og er ekki bindandi fyrir endanlega útfærslu á stærð lóðar ásamt byggingarrétti í samþykktu deiliskipulagi. Stærð og staðsetning nýrrar lóðar, byggingarmagn o.fl. verður nánar ákveðin í deiliskipulagi. Endanleg mörk lóðar geta færst til lítillega eftir samþykkt nýs deiliskipulags, t.d. vegna göngustíga eða lagna.

   1.3. Lóðarvilyrði þetta er háð því skilyrði að við byggingu húsnæðis á lóðinni verði unnið í samræmi við þá tillögu sem teymið Fabric sendi inn í samkeppnina Re-inventing Cities og lágu til grundvallar úrskurði dómnefndar sem var gerður opinber 22. maí 2019. Kynning á sigurtillögu Fabric er að finna í fylgiskjali III.

   1.4. Hægt verður að óska eftir úthlutun lóðarinnar þegar nýtt deiliskipulag fyrir lóðina hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

2. Niðurfelling lóðarvilyrðis.

   2.1. Verði nýtt deiliskipulag fyrir viðkomandi lóð við Lágmúla 2, sbr. fylgiskjal I, ekki samþykkt innan tveggja ára frá samþykkt Borgarráðs á þessu lóðarvilyrði fellur það niður. Sama gildir ef ekki er óskað eftir úthlutun lóðarinnar innan eins árs frá gildistöku nýs deiliskipulags fyrir lóðina með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

3. Greiðslur vegna lóðarúthlutunar.

   3.1. Reginn mun greiða gatnagerðargjald skv. samþykkt um gatnagerðargjald í Reykjavík nr. 725/2007, með síðari breytingum.

   3.2. Greiðsla gatnagerðargjalda skal fara fram innan 45 daga frá samþykki Borgarráðs á úthlutun lóðar samkvæmt lóðarvilyrði þessu.

   3.3. Reginn mun greiða fyrir byggingarréttinn 45.000 kr. fyrir hvern heimilaðan fermetra af íbúðarhúsnæði ofanjarðar og 20.000 kr. fyrir hvern heimilaðan fermetra af verslunar- og skrifstofuhúsnæði ofanjarðar, enda standist byggingar á lóðinni markmið um umhverfisgæði, sbr. gr. 5. Framangreint fermetraverð er bundið byggingarvísitölu desembermánaðar 2020 (149,2 stig) og skal það framreiknað í samræmi við þróun vísitölunnar til úthlutunar lóðar.

   3.4. Greiðsla fyrir byggingarréttinn skal fara fram innan 45 daga frá úthlutun í borgarráði.

   3.5. Þegar sótt er um byggingarleyfi verður gerð úttekt á umhverfisgæðum bygginga á lóðinni, sbr. gr. 5. Ef Reginn nær ekki þeim markmiðum sem sett eru upp í gr. 5. skal félagið greiða viðbótargreiðslu fyrir byggingarréttinn. Nánari lýsing á skilyrðum vegna viðbótargreiðslunnar er lýst í gr. 5.3. Niðurstaða

úttektar á umhverfisgæðum og ákvörðun um viðbótargreiðslu samkvæmt henni skal liggja fyrir áður en byggingarleyfi er gefið út.

3.6. Komi til viðbótargreiðslu skal hún greidd innan þriggja mánaða frá því að niðurstaða liggur fyrir varðandi umhverfisgæði verkefnisins. Byggingarleyfi verður ekki gefið út fyrr en viðbótargreiðslan hefur verið greidd.

3.7. Lóðarleigusamningur verður gefinn út þegar greiðsla samkvæmt gr. 3.1., 3.3. og eftir atvikum viðbótargreiðsla, sbr. 3.5. hafa verið greiddar að fullu. Í lóðarleigusamningnum munu koma fram kvaðirnar sem eru taldar upp í gr. 4. auk almennra kvaða (s.s. vegna lagna, bílastæða o.fl.).

4. Eftirfarandi kvaðir gilda um úthlutun lóðarinnar Lágmúli 2 og sölu byggingarréttar hennar. Kvöðunum skal þinglýst á lóðina Lágmúli 2, landeignanúmer L180381. Auk þess skulu þær tilgreindar í eignaskiptayfirlýsingu, þeirra skal getið í kaupsamningum, afsölum og lóðarleigusamningum sem gerðir verða við Reginn:

4.1. Óheimilt er að þinglýsa aðilaskiptum á lóð og/eða íbúðareiningum fram að því tímamarki þegar greiðsla byggingarréttar hefur borist Reykjavíkurborg, nema að fengnu leyfi borgarráðs. Þó er Reginn heimilt að færa lóðina í dótturfélag sem er 100% í eigu Regins.

4.2. Hafi Reginn ekki hafið framkvæmdir tveimur árum eftir úthlutun lóðarinnar áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að afturkalla úthlutunina nema félagið geti sýnt fram á málefnalegar ástæður fyrir töfum.

5. Stefnt er að því að fyrirhuguð bygging á lóðinni verði í sérflokki hvað varðar umhverfisgæði. Til þess að þeim markmiðum verði náð er byggingarréttur verkefnisins seldur í samræmi við tilboð Regins með eftirfarandi skilyrðum:

5.1. Reykjavíkurborg gerir þá kröfu að til þess að tilboðsverð Regins haldist sé eftirfarandi krafa ófrávíkjanleg þó að teknu tilliti til gildandi staðla og reglugerða:

5.1.1. Burðarvirki byggingarinnar samanstendur af krosslímdum timburgrindum, stífaðar af með gegnheilum krosslímdum timbureiningum (e. CLT) og stálvirki eftir þörfum og í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar. Hluti burðarvirkis verður steinsteypt s.s. undirstöður, botnplata stoðveggir o.s.frv. Einnig kemur til greina að aðrir hlutar burðavirkis verði steinsteyptir verði hægt að þróa lausnir sem minnka kolefnisfótspor við notkun steinsteypu.

5.2. Til þess að mæla árangur í umhverfisgæðum verkefnisins verður tekin saman kröfulýsing fyrir úthlutun lóðarinnar (sjá drög í fylgiskjali II) sem verður nýtt til þess að meta endanlega greiðslu fyrir byggingarrétt í verkefninu. Kröfur alþjóðlega vottunarstaðalsins BREEAM hafa til skýringar verið færðar undir liði draga að kröfulýsingingunni þar sem þær eiga við, en markmið verkefnisins er að byggingin uppfylli að lágmarki einkunnina „very good". Endanleg kröfulýsing, sem árangur í umhverfisgæðum verkefnisins mun byggja á, mun liggja fyrir við úthlutun lóðarinnar og verða lögð fyrir borgarráð til samþykktar ásamt úthlutunarbréfi.

5.3. Í drögum að kröfulýsingu skv. fylgiskjali II eru tilgreind 46 atriði sem stuðla að auknum gæðum í verkefninu. Þegar sótt verður um byggingarleyfi munu aðilar fá óháðan viðurkenndan ráðgjafa til þess að fara yfir kröfugerðina og gefa þessum 46 atriðum einkunn á bilinu 0-2 stig. Þegar aðili hefur náð sínum markmiðum að fullu fást tvö stig. Þegar hluti markmiða hefur náðst fæst eitt stig og þegar ljóst er að markmið náist ekki er gefið núll stig fyrir það atriði. Mest er hægt að fá 92 stig. Verði uppi ágreiningur um niðurstöðu ráðgjafans þá hafa aðilar heimild til endurskoða það mat með því að fá tvo viðurkennda aðila til að framkvæma endurskoðun á einkunnargjöf.

5.3.1. Ef Reginn nær 70 - 80% af markmiðum verkefnisins (64 stig eða meira) þá greiðir félagið samkvæmt tilboði sínu.

5.3.2. Ef Reginn nær á bilinu 60-70% af markmiðum verkefnisins (55-63 stig) þá greiðir félagið viðbótargreiðslu fyrir byggingarréttinn sem nemur mismun á tilboði sínu og reiknuðu meðaltali

af tilboði sínu og markaðsverði byggingarréttarins eins og hann er metin af tveimur fasteignasölum og velja samningsaðilar hvor sinn fasteignasalann. Hvor aðili um sig, Reykjavíkurborg og Reginn ehf., greiðir kostnað af verðmati þess fasteignasala sem aðilinn tilnefnir.

5.3.3. Ef Reginn nær minna en 60% af markmiðum verkefnisins (54 stig eða minna) þá greiðir félagið viðbótargreiðslu fyrir byggingarréttinn sem nemur mismun á tilboði sínu og markaðsverði byggingarréttarins eins og hann er metin af tveimur fasteignasölum og velja samningsaðilar hvor sinn fasteignasalann. Hvor aðili um sig, Reykjavíkurborg og Reginn ehf., greiðir kostnað af verðmati þess fasteignasala sem aðilinn tilnefnir.

Ef mat fasteignasala á markaðsverði byggingarréttar reynist lægri en tilboð Regins mun ekki koma til viðbótargreiðslu. Við þær aðstæður á Reginn ekki kröfu um endurgreiðslu mismun á matsverði byggingarréttarins og tilboðs félagsins.

6. Samþykki fyrir veðsetningu og framsali.

6.1. Reginn skal heimilt að veðsetja lóðarréttindi sín til að fjármagna þróun verkefnisins og framkvæmd enda séu gatnagerðargjöld og byggingarréttargjald að fullu greitt. Ef það er ekki raunin getur veðleyfi aðeins komið til greina hafi það að geyma skilyrði um greiðslu á gatnagerðar- og byggingaréttargjaldi með andvirði láns.

6.2. Kvaðir sem þinglýstar verða í lóðarleigusamningi, kaupsamningi eða afsölum um einstaka eignarhluta halda gildi sínu þó að til komi nauðungarsala á veðandlaginu að hluta til eða öllu leyti.

Lóðarvilyrði þetta var samþykkt á fundi borgarráðs þann 10.12.2020

Reykjavík 7.6.2021.

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Regins hf.
Helgi S. Gunnarsson
Kt. 070960-2819

Fylgiskjöl með viljayfirlýsingu þessari:

Fylgiskjal I: Afmörkun reitsins sem lóðarvilyrðið tekur til.
Fylgiskjal II: Kröfulýsing hönnunar.
Fylgiskjal III: Kynning á sigurtillögu Fabric.

Fylgiskjal I: Afmörkun reitsins

Afmörkun reitsins sem lóðarvilyrði Reykjavíkurborgar til Reginn hf., dags. 7.6.2021, tekur til er í Lágmúla og var lýst í gögnum (e. site specific requirements) sem lágu til grundvallar samkeppninnar Re-Inventing Cities.

Fyrirvari: Afmörkun lóðarinnar er til viðmiðunar og er ekki bindandi fyrir endanlega útfærslu á stærð lóðar ásamt byggingarrétti í samþykktu deiliskipulagi. Stærð og staðsetning nýrrar lóðar, byggingarmagn o.fl. verður nánar ákveðin í deiliskipulagi. Endanleg mörk lóðar geta færst til lítillega eftir samþykkt nýs deiliskipulags, t.d. vegna göngustíga eða lagna.

Fylgiskjal II

C40-LÁGMÚLI 2
Drög að kröfulýsingu hönnunar

Drög að kröfulýsingu þessari er unnin upp úr vinningstillögu „FABRIC" hönnunarteymisins fyrir C40 Reinventing Cities, Lágmúli Reykjavík, Iceland. Phase 2, dags. 8. mars 2019. Í vinningatillögunni er því lýst með hvaða hætti leysa á þær 10 áskoranir sem settar voru um gerð og tilhögun byggingarinnar í hönnunarsamkeppninni.

Í skjali þessu hafa verið dregnar saman þær aðgerðir sem vinningstillaga „FABRIC" lýsir og þær settar fram í styttu formi og á íslensku. Vísað er til ofannefndrar vinningstillögu fyrir nánari útskýringar. Í upptalningu drögum að kröfulýsingu er notast við sömu númeraröð og uppröðun og kemur fram í vinningstillögunni þar sem kröfulýsing nr. 1 vísar til áskorunar nr. 1 o.s.frv. Við yfirferð á aðaluppdráttum verður fyllt í reit aftan við hverja áskorun með viðeigandi lit samkvæmt eftirfarandi matslykli:

Grænt: Byggingin mætir öllum kröfum sem gerðar eru með fullnægjandi hætti.
Gult : Byggingin mætir að hluta þeim kröfum sem gerðar eru.
Rautt : Byggingin stenst ekki þær kröfur sem gerðar eru.
Kröfulýsingunni er ætlað að vera fylgiskjal með lóðarvilyrði og úthlutunarbréfi.

1 Orkunýting

Byggingin mun eingöngu notast við rafmagn og hita sem unnin er úr endurnýjanlegum orkugjöfum.

1.1 BREEAM vottun

BREEAM orkuviðmið (e. energy issues) verða notuð til þess að leiða hönnun byggingarinnar í átt að skilvirkari orkunýtingu og til að draga úr CO2 útblæstri, auk þess að styðja við stjórnun þessara þátta á líftíma mannvirkisins.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Ene 01: Minnkun orkunotkunar og kolefnislosunar** – Krafan á að hvetja til þess að orkunotkun í rekstri byggingarinnar sé lágmörkuð ásamt losun koldíoxíðs (CO_2).
- **Ene 02: Orkumælar og orkueftirlit** – Gerð er krafa um að orkumælar séu settir upp til að fylgjast með orkunotkun byggingarinnar.
- **Ene 03: Útilýsing** – Krafan snýr að því að öll lýsing utanhúss sé eins orkunýtin og hægt er, m.a. með því að tryggja að aðeins sé kveikt á ljósum þegar dagsbirtu nýtur ekki við og að ljósabúnaðurinn sé útbúinn hreyfiskynjara þar sem umferð gangandi vegfarenda er slitrótt.
- **Ene 04: Loftslagsvæn hönnun** – Markmið kröfunnar er að hvetja til þess að byggingin sé hönnuð með lágmörkun orkunotkunar og meðfylgjandi kolefnislosunar í huga, ásamt því að minnka orkuþörf tæknikerfa byggingarinnar (e. active building services systems).
- **Ene 05: Orkunýtni kæli-/frystikerfa** – Markmiðið er að minnka losun gróðurhúsalofttegunda með því að setja upp orkunýtin kæli- og frystikerfi.
- **Ene 06: Orkunýtni flutningskerfa** – Krafan hvetur til þess að flutningskerfi byggingarinnar, m.a. lyftur , séu eins orkunýtin og kostur er.
- **Ene 08: Orkunýtni tækjabúnaðar** – Markmið kröfunnar er að tækjabúnaður byggingarinnar sé eins orkunýtinn og völ er á.

1.2 Orkunotkun

Markmið hönnunarinnar er að orkunotkun fyrir húshitun, loftræsingu, heitt neysluvatn, dælubúnað, lýsingu og hústæknibúnað á hvern byggðan fermetra verði að jafnaði 175 kWh og að orkunotkun byggingarinnar verði undir 1.800 MWh á ári.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Ene 01: Minnkun orkunotkunar og kolefnislosunar** – Krafan á að hvetja til þess að orkunotkun í rekstri byggingarinnar sé lágmörkuð ásamt losun koldíoxíðs (CO_2).

1.3 Húshitun og loftræsing

Gróðurhús eru hituð upp með því að nota háeinangrandi gler til þess að fanga dagsbirtu (sólarorka) og varmaendurvinnslu frá loftræsingu, ásamt hitastýrðum gólfhita og sjálfstýrðri hálfsjálfvirkri loftræsingu (e. automatic semi-passive ventilation system).

BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Ene 01: Minnkun orkunotkunar og kolefnislosunar** – Krafan á að hvetja til þess að orkunotkun í rekstri byggingarinnar sé lágmörkuð ásamt losun koldíoxíðs (CO_2).
- **Hea 04: Varmastjórnun** – Krafan á að sjá til þess að ásættanlegu hitastigi innan byggingarinnar sé náð í gegnum hönnun og að hitastiginu megi stýra þannig að hitastigið sé jafnt innan hvers rýmis. Þá er einnig gerð krafa um að aðlaga megi bygginguna að mögulegum loftslagsbreytingum í framtíðinni.

1.3.1 Loftræsing fyrir þjónustu- og skrifstofurými

Byggingin mun notast við orkusparandi loftræsikerfi búið varmaendurvinnslu. Varmaendurvinnslan fer fram með varmaskiptahjóli til að endurvinna varma úr útblásturslofti loftræsikerfisins. Eitt slíkt loftræsikerfi verður fyrir hvern hluta byggingarinnar sem inniheldur skrifstofur og verslunarrými.

BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Ene 01: Minnkun orkunotkunar og kolefnislosunar** – Krafan á að hvetja til þess að orkunotkun í rekstri byggingarinnar sé lágmörkuð ásamt losun koldíoxíðs (CO_2).

1.3.2 Loftræsing fyrir íbúðir

Í hverri íbúð verður sjálfstætt loftræsikerfi búið varmaendurvinnslu. Varmaendurvinnslan fer fram annaðhvort með varmaskiptahjóli eða plötuvarmanýti til að endurvinna varma úr útblásturslofti loftræsikerfisins. Íbúar eiga að geta stjórnað hitastigi íbúðar í gegnum loftræsikerfið.

BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Ene 01: Minnkun orkunotkunar og kolefnislosunar** – Krafan á að hvetja til þess að orkunotkun í rekstri byggingarinnar sé lágmörkuð ásamt losun koldíoxíðs (CO_2).
- **Hea 02: Loftgæði innanhúss** – Markmið kröfunnar er að hvetja til þess að loftgæði innanhúss séu góð. Þessu má m.a. ná með notkun viðeigandi loftræsibúnaðar.
- **Hea 04: Varmastjórnun** – Krafan á að sjá til þess að ásættanlegu hitastigi innan byggingarinnar sé náð í gegnum hönnun og að hitastiginu megi stýra þannig að hitastigið sé jafnt innan hvers rýmis. Þá er einnig gerð krafa um að aðlaga megi bygginguna að mögulegum loftslagsbreytingum í framtíðinni.

1.3.3 Gólfhiti í íbúðum

Gólfhita í íbúðum verður stjórnað með hitanemum. BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Hea 04: Varmastjórnun** – Krafan á að sjá til þess að ásættanlegu hitastigi innan byggingarinnar sé náð í gegnum hönnun og að hitastiginu megi stýra þannig að hitastigið sé jafnt innan hvers rýmis.

1.3.4 Loftræsing í gróðurhúsum

Í gróðurhúsum verður loftræsing framkvæmd með hálfsjálfvirku loftræsikerfi (e. semi-passive ventilation system). Snjalltækni verður notuð við stjórn á loftgæðum. Með hitanemum og CO_2 nemum verður rafopnanlegum gluggum stýrt til þess að viðhalda réttu hitastigi um leið og nauðsynleg loftskipti verða tryggð. U.þ.b. 20°C hitastigi verður viðhaldið í gróðurhúsum og mun val á plöntutegundum taka mið af plöntum sem þrífast vel við það hitastig.

BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Hea 02: Loftgæði innanhúss** – Markmið kröfunnar er að hvetja til þess að loftgæði innanhúss séu góð. Þessu má m.a. ná með notkun viðeigandi loftræsibúnaðar og með efnisvali þar sem horft er til lágmörkunar rokgjarna lífrænna efna úr byggingarefnum eins og gólfefnum, og yfirborðsefnum.
- **Hea 04: Varmastjórnun** – Markmið kröfunnar er að varmaþægindi (e. Thermal comfort) séu góð og að hitastiginu megi stýra þannig að hitastigið sé jafnt innan hvers rýmis. Þá er einnig gerð krafa um að aðlaga megi bygginguna að mögulegum loftslagsbreytingum í framtíðinni.

1.3.5 Einangrunargler í gróðurhúsum

Í gróðurhúsum verður notað þrefalt einangrunargler með U-gildi að hámarki 0,7 W/m²K. Hitainnstreymi sólar í gegnum glerið (g-gildi) mun miðast við að hámarka þægindi notenda og gróðurs jafnhliða því að hámarka ljósmagn frá sólu og lágmarka ljósmengun frá gróðurhúsi. Gróðurhúsið á jarðhæð byggingarinnar mun verða útbúið dyrabúnaði sem lágmarkar varmatap frá gróðurhúsinu eins og tvöfaldar hurðir eða snúningshurðir. Á seinni stigum hönnunar verður lagt mat á orkunotkun byggingarinnar m.t.t. kostnaðar og endurheimtutíma fjármagns af þeim orkusparnaði sem af hönnuninni hlýst.

BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Ene 01: Minnkun orkunotkunar og kolefnislosunar** – Krafan á að hvetja til þess að orkunotkun í rekstri byggingarinnar sé lágmörkuð ásamt losun koldíoxíðs (CO_2).
- **Hea 02: Loftgæði innanhúss** – Markmið kröfunnar er að hvetja til þess að loftgæði innanhúss séu góð. Þessumá m.a. ná með notkun viðeigandi loftræsibúnaðar og með vali byggingarefna sem ekki gefa frá sér rokgjörn lífræn efni.
- **Hea 04: Varmastjórnun** Markmið kröfunnar er að varmaþægindi (e. Thermal comfort) séu góð og að hitastiginu megi stýra þannig að hitastigið sé jafnt innan hvers rýmis. Þá er einnig gerð krafa um að aðlaga megi bygginguna að mögulegum loftslagsbreytingum í framtíðinni.
- **Pol 04: Minnkun ljósmengunar í myrkri** – Krafan á að tryggja að útilýsing sé aðeins á viðeigandi svæðum og að lýsing sem beint er upp á við sé lágmörkuð til að minnka ljósmengun, orkunotkun og óþægindi nágranna.

1.3.6 Lyftukerfi

Lyftur verða settar upp í byggingunni til þess að mæta kröfum um aðgengi milli hæða. Gerð verður samanburðarkönnun á mögulegum lyftum þar sem lyftukerfið sem þarf minnstu orkunotkunina verður valið. Lyftukerfi sem endurvinna orku verða skoðuð sérstaklega í þessu sambandi.

BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Ene 06: Orkunýtni flutningskerfa** – Krafan hvetur til þess að flutningskerfi byggingarinnar, m.a. lyftur , séu eins orkunýtin og kostur er.

1.3.7 Önnur orkusparandi úrræði

Hvatt verður til að velja orkusparandi rafbúnað þar sem þörf er á s.s. skrifstofutæki, heimilistæki, eldhús og veitingaþjónustutæki.

Sett verða upp sameiginleg þurrkrými fyrir þurrkun á þvotti bæði innanhúss og utan.

BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Ene 08: Orkunýtni tækjabúnaðar** – Markmið kröfunnar er að tækjabúnaður byggingarinnar sé eins orkunýtinn og völ er á.
- **Ene 09: Þurrkherbergi** – Markmið kröfunnar er að tryggja að til staðar séu rými þar sem þurrka má föt án mikillar orkunotkunar.

1.4 Stýribúnaður fyrir orkunotkun

Íbúar geta stjórnað lofthita með loftræsikerfi hverrar íbúðar eftir þörfum.
Íbúar geta valið sér hitastig á gólfhita á tilteknu hitastigsbili (s.s. 18-25°C).
Gólfhitakerfið verður samstillt með loftræsikerfinu til þess að draga úr heildarorkunotkun við húshitun.
Útilýsing verður sjálfstýrð til þess að koma í veg fyrir ljósanotkun í björtu (birtustýring).
Lýsing verður tengd hreyfiskynjurum í umferðarrýmum (umferðastýring).
Fylgst verður með orkunotkun byggingarinnar með aðgengilegum orkumælum og henni miðlað til notenda og íbúa. Yfirlit yfir orkunotkun verður birt á aðgengilegum skjáum sem sýna orkunotkun, kostnað orkunotkunar og CO_2 losun á hverri stundu.
Útbúin verður handbók fyrir notendur byggingarinnar og heimilishandbók fyrir íbúa sem dreift verður til notenda og íbúa sem útskýrir hvernig eigi að umgangast tækjabúnað byggingarinnar.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Ene 01: Minnkun orkunotkunar og kolefnislosunar** – Krafan á að hvetja til þess að orkunotkun í rekstri byggingarinnar sé lágmörkuð ásamt losun koldíoxíðs (CO_2).
- **Ene 02: Orkumælar og orkueftirlit** – Gerð er krafa um að orkumælar séu settir upp til að fylgjast með orkunotkun byggingarinnar.
- **Ene 03: Útilýsing** – Krafan snýr að því að öll lýsing utanhúss sé eins orkunýtin og hægt er, m.a. með því að tryggja að aðeins sé kveikt á ljósum þegar dagsbirtu nýtur ekki við og að ljósabúnaðurinn sé útbúinn hreyfiskynjara þar sem umferð gangandi vegfarenda er slitrótt.
- **Hea 02: Loftgæði innanhúss** – Markmið kröfunnar er að hvetja til þess að loftgæði innanhúss séu góð.
- **Hea 04: Varmastjórnun** – Krafan á að sjá til þess að ásættanlegu hitastigi innan byggingarinnar sé náð í gegnum hönnun og að hitastiginu megi stýra þannig að hitastigið sé jafnt innan hvers rýmis. Þá er einnig gerð krafa um að aðlaga megi byggginguna að mögulegum loftslagsbreytingum í framtíðinni.
- **Man 04: Virkni- og viðtökuprófanir og afhending byggingar** – Markmið kröfunnar er að sjá til þess að virkni- og viðtökuprófanir ásamt afhendingarferlinu sé vel skipulagt og að það endurspegli þarfir tilvonandi notenda. Þá er einnig gerð krafa um notendahandbók sé útbúin.

1.5 Hreinn orkugjafi

Skoðaður verður möguleikinn á að nota sólarsellur eða lághita-orkuver (Climeon unit) sem tengdur er við jarðhita á lóðinni til þess að framleiða rafmagn. Hönnun á búnaði og notkun verður að vera unnin í fullu samstarfi við veitustofnunina sem á og rekur heitavatnsborholuna á lóðinni.
Mögulega mætti framleiða allt að 750 kW með samstæðu úr 5 Climeon einingum og setja umframrafmagn inná dreifikerfi rafmagns.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Ene 01: Minnkun orkunotkunar og kolefnislosunar** – Krafan á að hvetja til þess að orkunotkun í rekstri byggingarinnar sé lágmörkuð ásamt losun koldíoxíðs (CO_2). Þessi liður fellur undir kröfur sem þarf að uppfylla til að fá svokölluð nýsköpunarstig (e. innovation credits), þ.e. að á lóðinni sé endurnýjanleg orkuuppspretta eða orkuuppspretta sem veldur lítilli losun gróðurhúsalofttegunda.

1.6 Kolefnisfótspor

Kolefnisfótsporið sem bundið er í byggingarefnum byggingarinnar (krosslímt timbur, steinsteypa og bendistál) verður kolefnisjafnað með endurheimt votlendis og/eða skógrækt.

2 Sjálfbærni byggingarefna, hringrásarhagkerfi og meðferð sorps

Til þess að auka sjálfbærni í notkun byggingarefna verður val á byggingarefnum rökstutt með líftímagreiningum í gegnum öll vistferilsstig byggingarinnar frá hönnun og byggingu og í gegnum notkun hennar.

2.1 Líftímakostnaður

Beitt verður útreikningi á líftímakostnaði (e. LCC) byggingarefna til þess að velja það byggingarefni sem er fjárhagslega sjálfbærast hverju sinni. Í þessum tilgangi verða gerðar greiningar á hjúpfleti byggingar, tæknibúnaði (veitur, lagnir, loftræsing, lýsing, lyftur, hússtjórnunarkerfi og öryggis-, bruna- og þjófavarnarkerfi), yfirborðsefnum og lóðarfrágangi.
Til að lágmarka sóun á hráefnum verður hugað sérstaklega að því að byggingarefnin séu endurnýtanleg eftir líftíma sinn og búi þannig yfir verðmætum sem unnt er að leysa út.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Man 02: Lífsferilskostnaður og skipulag notkunartíma** – Markmið kröfunnar er að tryggja hámarksvirði m.v. allan líftímann með því að hvetja til notkunar lífsferilskostnaðarmats sem nota má til að bæta hönnun, rekstur og viðhald og stuðla að efnahagslegri sjálfbærni.

2.1.1 Val á sjálfbærari byggingarefnum

Við val á sjálfbærari byggingarefnum verður miðað að því að velja innlenda framleiðslu frekar en erlenda, efni með lágu kolefnisfótspori, efni sem hafa umhverfisyfirlýsingu (EPD) og eru framleidd af fyrirtækjum sem hafa umhverfisvottun (ISO 14001). Að auki verður stefnt að því að gera athugun á að nota byggingarefni úr endurunnum hráefnum.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Mat 01: Vistferilsáhrif** – Markmiðið er að hvetja til notkunar á hágæða hugbúnaði til vistferilsgreininga (LCA) og notkunar á byggingarefnum með lítil umhverfisáhrif yfir líftíma byggingarinnar.
- **Mat 03**: Ábyrgur uppruni byggingarefna

2.1.2 Sjálfbærara burðarvirki og stofnlagnir

Burðarvirki byggingarinnar samanstendur af krosslímdum timburgrindum stífaðar af með gegnheilum krosslímdum timbureiningum (e. CLT) og stálvirki eftir þörfum og í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar.

Bílakjallari og gólfplata jarðhæðar eru steinsteypt auk þess að mögulegir stiga og lyftukjarnar geta mögulega verið úr steypu. Gerð verður sérstök fýsileikakönnun á notkun vistvænnar steypu og notuð ef mögulegt reynist. Kerfi húshitunar, loftræsingar, neysluvatns og rafvirki verða sýnileg í innviðum byggingarinnar.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Mat 01: Vistferilsáhrif** – Markmiðið er að hvetja til notkunar á hágæða hugbúnaði til vistferilsgreininga (LCA) og notkunar á byggingarefnum með lítil umhverfisáhrif yfir líftíma byggingarinnar.

2.1.3 Hringrásarviðmið við val á byggingarefnum

Til að lágmarka sóun á hráefnum verður hugað sérstaklega að því að byggingarefnin séu endurnýtanleg eftir líftíma sinn sem gerir þau eftirsóknarverð til frekari nýtingar.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Mat 01: Vistferilsáhrif** – Markmiðið er að hvetja til notkunar á hágæða hugbúnaði til vistferilsgreininga (LCA) og notkunar á byggingarefnum með lítil umhverfisáhrif yfir líftíma byggingarinnar.

2.1.4 Meðferð á byggingarsorpi

Markmiðið er að með markvissri stjórnun á meðferð byggingarúrgangs megi draga úr sóun.
Umhverfissérfræðingur hönnunarteymisins mun útfæra sérstakt úrgangsstjórnunarkerfi sem á að lágmarka urðun byggingarúrgangs á byggingartíma og draga úr úrgangsmyndun á skaðlegum úrgangi.
Byggingarúrgangur verður flokkaður í minnst 5 flokka sem spannar frá endurnotkun í skaðlegan úrgang.
Stefnt er að því að 95% af öllum byggingarúrgangi verði endurunnin/endurnýttur og þá aðeins 5% fari í urðun.
Allur byggingarúrgangur verður mældur og skrásettur í rúmmetrum eða tonnum á hvern brúttófermetra. Skráningin mun einnig ná til þess hvert skaðlaus byggingarúrgangur hefur verið fluttur og hversu stórt hlutfall af úrgangi hafi ekki verið urðað.
Áður en byggingarframkvæmdir hefjast, verða öll mannvirki á lóðinni (s.s. malbik ofl.) sem þarf að fjarlægja, skráð og athugað hvort það sé unnt að nýta það byggingarefni út frá umhverfis-, tæknilegum eða fjarhagslegum sjónarmiðum.
Til þess að veita fullvissu um trygga stjórnun á meðferð á byggingarúrgangi, verður sérstökum óháðum aðila falið að hafa eftirlit með framkvæmd og framvindu meðferðarinnar á úrgangi.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Wst 01: Meðhöndlun úrgangs á verkstað** – Markmið kröfunnar er að ná fram mestu mögulegu nýtni auðlinda með lágmörkun og góðri stýringu á úrgangi frá verkstað.

2.1.5 Sorphirða

Gerð verður sérstök greining á sorpmyndun til þess að áætla stærðir á sorpgeymslum og sorpgámum. Gert er ráð fyrir 6 sorpflokkum. 5 flokkar á endurvinnanlegu sorpi (plast, pappír, gler, málmar, lífrænt) og loks óflokkað sorp.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Wst 03: Rekstrarúrgangur** – Krafan felur í sér að ákveðin svæði við eða innan mannvirkis séu nýtt sem aðstaða undir flokkun og geymslu á endurvinnanlegum úrgangi á notkunartíma mannvirkis.

Aðstaðan á að stuðla að betri flokkun úrgangs og minnka magn úrgangs sem er sent í urðun eða brennslu.

3 Kolefnislitlar samgöngur

Ein af megináherslum verkefnisins er að hvetja til og auðvelda umferð gangandi og hjólandi vegfarenda og notkunar á almenningssamgöngum og útblástursvænum farartækjum og samnýtingu á ökutækjum.
Í þessu skyni verður hugað sérstaklega að því að móta umhverfi og aðstæður sem styðja og hvetja slíka hegðun.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Tra 01: Aðgengi að almenningssamgöngum** – Krafan stuðlar að uppbyggingu í nágrenni við góðar almenningssamgöngur og draga þannig úr mengun og töfum af völdum umferðar.
- **Tra 03a og Tra 03b: Val um samgöngukosti** – Markmið kröfunnar er að sjá til þess að í byggingunni sé aðstaða sem geri notendum hennar kleift að nota umhverfisvæna ferðamáta og að lágmarka ferðir hvers einstaklings.
- **Tra 04: Hámarksfjöldi bílastæða** – Markmið kröfunnar er að stuðla að aukinni notkun vistvænna ferðamáta á kostnað einkabílsins og draga þannig úr mengun og töfum af völdum umferðar.
- **Tra 05: Samgönguáætlun** – Markmið kröfunnar er að vinna að kortlagningu og mati á því hvernig hægt sé að efla sjálfbæra samgöngumáta og setja fram samgönguáætlun með skýrum markmiðum.
- **Tra 06: Fjarvinnuaðstaða** – Markmiðið er að til staðar sé aðstaða fyrir íbúa hússins til að vinna að heiman og minnka þannig þörf á að ferðast til og frá vinnu (þessi krafa á aðeins við um íbúðarhúsnæði).

3.1 Umferð gangandi

Í hönnun á umhverfi gangandi umferðar verður gætt sérstaklega að því að tryggja öryggi gangandi vegfarenda með því að hafa göngustíga án þrepa og með lágum kanti, aðgreina gönguleiðir frá reiðhjólaumferð, tryggja örugga þverun á umferðarleiðum og koma fyrir bekkjum/sætum og stöðum þar sem hægt er að stoppa á leið sinni.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Hea 06: Aðgengi** – Krafan á að tryggja að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja gott og öruggt aðgengi til og frá byggingunni.

3.2 Reiðhjólaumferð

Verkefnið mun hvetja til notkunar á reiðhjólum með því að hafa sérstaka hjólreiðarstíga og veita hjólreiðaumferð forgang á vegamótum.
Verkefnið mun einnig hvetja til notkunar á fjölvirkum samgöngum með því að útbúa aðstöðu fyrir reiðhjólaleigur og samnýtingu á reiðhjólum í sérstökum skýlum sem staðsett eru í nánd við strætóstöðvar þar sem unnt er að geyma og gera við reiðhjól og hlaða rafmagnsreiðhjól. Samnýting á reiðhjólum verður auðvelduð með aðgengilegu greiðslukerfi á staðnum, á netinu og í appi.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Hea 06: Aðgengi** – Krafan á að tryggja að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja gott og öruggt aðgengi til og frá byggingunni.
- **Tra 03a og Tra 03b: Val um samgöngukosti** – Markmið kröfunnar er að sjá til þess að í byggingunni sé aðstaða sem geri notendum hennar kleift að nota umhverfisvæna ferðamáta og að lágmarka ferðir hvers einstaklings.

3.3 Almenningssamgöngur

Hönnunarteymið mun skoða tengingu lóðarinnar við komandi Borgarlínu með það í huga að auðvelda tengingu við byggingarinnar við þær almenningssamgöngur.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Tra 01: Aðgengi að almenningssamgöngum** – Krafan stuðlar að uppbyggingu í nágrenni við góðar almenningssamgöngur og er markmiðið að draga þannig úr mengun og töfum af völdum umferðar.

3.4 Rafknúin farartæki

Komið verður upp hleðslustöðvum fyrir rafmagnsfarartæki á lóð og í bílakjallara.
Einnig verður komið upp kerfi fyrir leigu á umhverfisvænum bifreiðum.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Tra 03a og Tra 03b: Val um samgöngukosti** – Markmið kröfunnar er að sjá til þess að í byggingunni sé aðstaða sem geri notendum hennar kleift að nota umhverfisvæna ferðamáta og að lágmarka ferðir hvers einstaklings.

3.5 Lágmörkun á CO_2 losun farartækja

Verkefnið mun einnig hvetja til notkunar á fjölþættum samgöngum (e. MaaS) með því að afhenda notenda-app sem gerir notendum kleyft að velja úr ýmsum umhverfisvænum farkostum á hverri stundu.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Tra 03a og Tra 03b: Val um samgöngukosti** – Markmið kröfunnar er að sjá til þess að í byggingunni sé aðstaða sem geri notendum hennar kleift að nota umhverfisvæna ferðamáta og að lágmarka ferðir hvers einstaklings.

4 Seigla og aðlögunarhæfni

Hönnunarteymið mun hanna bygginguna og lóðina þannig að mannvirkin veiti sem mest mögulegt skjól fyrir vindi, regni og snjó.

4.1 Áhættumat

Framkvæmt verður sérstakt áhættumat á breytingum á veðurfari til þess að sjá fyrir hvernig auknar öfgar í hitastigi, úrkomu og vindi geta valdið auknu veðurálagi á bygginguna á líftíma hennar og þá gera viðeigandi ráðstafanir gegn slíku í hönnun byggingarinnar.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Wst 05: Aðlögun að loftslagsbreytingum** – Krafan á að stuðla að því að gerðar séu ráðstafanir til að draga úr áhrifum vegna veðuröfga af völdum loftslagsbreytinga yfir líftíma byggingarinnar.

4.2 Sveigjanleiki í notkun

Húshitun og loftræsing verður hönnuð á þann veg að unnt sé að bæta loftkælingu við kerfið.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Wst 06: Virkniaðlögun** - Krafan stuðlar að því að gerðar séu ráðstafanir þannig að hægt verði að breyta byggingunni til að aðlaga hana að breyttri virkni.

4.3 Framsýni í hönnun

Á hönnunarstigi verða gerðar greiningar á hvernig vindur muni leika um bygginguna á öllum árstíðum á líftíma byggingarinnar. Út frá þeirri greiningu verður hönnun mannvirkja aðlöguð aðstæðum til þess að draga úr köldum norðlægum vindum og veita skjól fyrir óveðrum.

4.4 Veðurhjúpur

Íbúðarhluti byggingarinnar verður útfærður þannig að íbúar geti auðveldlega brugðist við breytingum í veðurfari hverju sinni með náttúrulegri loftræsingu.
Sérstakar ráðstafanir verða gerðar í hjúp byggingarinnar til að lágmarka sólarálag á gluggafleti skrifstofu- og þjónustuhluta.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Hea 04: Varmastjórnun** – Krafan á að sjá til þess að ásættanlegu hitastigi innan byggingarinnar sé náð í gegnum hönnun og að hitastiginu megi stýra þannig að hitastigið sé jafnt innan hvers rýmis.

5 Umhverfisvæn þjónusta á lóð og í nágrenni

Hönnunarteymið mun meta kosti þess að framleiða rafmagn til eigin nota á lóðinni með annaðhvort vindmyllum, sólarpanelum eða lághita-orkuveri. Rafmagnið mætti einnig nota til að hlaða rafknúin farartæki fyrir almenning sem gerir heimsókn í bygginguna meira aðlaðandi.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Ene 01: Minnkun orkunotkunar og kolefnislosunar** – Krafan á að hvetja til þess að orkunotkun í rekstri byggingarinnar sé lágmörkuð ásamt losun koldíoxíðs (CO_2). Þessi liður fellur undir kröfur sem þarf að uppfylla til að fá svokölluð nýsköpunarstig (e. innovation credits), þ.e. að á lóðinni sé endurnýjanleg orkuuppspretta eða orkuuppspretta sem veldur lítilli losun gróðurhúsalofttegunda.

5.1 Gagnsemi umhverfisvænnar þjónustu

Komið verður fyrir almennum fróðleik um heitavatnsborholuna á lóðinni sem sýnir hvernig jarðhiti nýtist sem endurnýjanlegur orkugjafi.

6 Sjálfbær þróun í snjallborgum

Hönnunarteymið leggur til að verkefnið verði notað til þess að prófa snjallkerfi sem veitir notendum upplýsingar um nánasta umhverfi sitt og hvað sé efst á baugi hverju sinni í samfélagsþjónustu borgarinnar.

6.1 Snjallborgir

Við hönnun byggingarinnar verður byggt á hugmyndafræði BIM um samþjöppun upplýsinga um bygginguna bæði á hönnunarskeiði og á notkunarskeiði. Við þrívíddarmódel byggingarinnar verða tengdar upplýsingar um kolefnisfótspor byggingarhluta sem fengnar eru úr lífsferilsgreiningu (e. LCA) byggingarinnar.
Orkunotkun hvers kerfisþáttar byggingarinnar verður vöktuð og upplýsingarnar notaðar til þess að finna leiðir til að draga úr heildarorkunotkun.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Ene 02: Orkumælar og orkueftirlit** – Gerð er krafa um að orkumælar séu settir upp til að fylgjast með orkunotkun byggingarinnar.

7 Sjálfbær vatnsnotkun

Veitur leggja mikla áherslu á afhendingaröryggi neysluvatns til frambúðar.

7.1 Vörn gegn vatnsskorti

Hönnunarteymið stefnir að því að draga úr vatnsnotkun miðað við hefðbundna notkun (e. baseline) samkvæmt BREEAM.
Gróður á þökum og gróðurveggjum mun eingöngu nýta úrkomu og engin þörf er því fyrir vökvunarkerfi.
Kannað verður hvort og hvernig megi safna regnvatni til þess að nota til að vökva gróður í gróðurhúsum.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Wat 01: Vatnsnotkun** - Markmið kröfunnar er að minnka vatnsnotkun byggingarinnar er tengist hreinlæti með vatnssparandi búnaði og söfnun regnvatns.

7.2 Vörn gegn ofnotkun vatns

Regnvatnslagnir á lóð munu hannaðar þannig að ekki verði meira hámarksmagn af vatni veitt frá lóðinni eftir að byggingin er reist en gerist áður en hún verður reist. Blágrænar ofanvatnslausnir á lóðarmörkum,

regngarður/beð á almenningstorgi og regnrásir verða notaðar í tilfelli úrhellis til þess að draga úr álagi á stofnkerfi fráveitu.
BREEAM kröfur sem notaðar verða til viðmiðunar hér eru:

- **Pol 03: Fráflæði yfirborðsvatns** – Krafan á að stuðla að því að koma í veg fyrir eða minnka losun regnvatns í skólplagnir og árfarvegi. Þannig á að lágmarka hættuna á flóðum, bæði á og utan lóðar, vatnsmengun yfirborðsvatns og öðrum umhverfisskaða.

8 Líffræðilegur fjölbreytileiki, jarðyrkja og endurheimt á gróðri í þéttbýli

